

Reglur leikskólanna í Vesturbyggð

nóvember 2010

1. gr.

Leikskólarnir í Vesturbyggð eru ætlaðir börnum á aldrinum 14 mánaða til 6 ára. Sótt skal um leikskólavist með minnst 3ja mánaða fyrirvara. Börnin hætta á sumarlokun það ár sem þau verða 6 ára. Opnunartími Arakletts er frá kl. 07:45 til kl. 17:15. Opnunartími Tjarnarbrekku er frá kl 07:45 til kl. 16:15.

2. gr.

Umsækjandi og barn skulu vera með lögheimili í Vesturbyggð.

3. gr.

Leikskólarnir eru einsetnir. Grunnvistun er frá kl. 08:00 til kl. 12:00. Boðið er upp á breytilega vistun umfram grunnvistunartíma.

4. gr.

Umsóknum um leikskólavist skal skilað á skrifstofu Vesturbyggðar sem heldur utan um skráningar og metur þörf á leikskólavistun í samráði við leikskólastjóra. Leikskólastjóri boðar foreldra nýrra barna til viðtals, þar sem hann veitir upplýsingar um starfsemina og þjónustu rekstraraðila og fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið.

5. gr.

Leikskólagjald er ákveðið af bæjarstjórn á hverjum tíma. Fæðisgjald skal greiðast um leið og leikskólagjaldið. Vistgjaldið greiðist frá þeim tíma að aðlögun hefst.

6. gr.

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram. Gjald dagi er fyrsta hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá eindaga. Ef gjaldið hefur ekki verið greitt í 1 mánuð eða um það samið við leikskólastjóra eða bæjaryfirvöld er litið svo á, að viðkomandi hafi afsalað sér plássinu frá 1. næsta mánaðar og leikskólagjöld þá send lögfræðingi til innheimtu.

7. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur leikskólanna og foreldra/forráðamanna er einn mánuður hið minnsta. Leikskólastjóra er heimilt að krefjast mánaðar greiðslu frá uppsagnardegi, hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt. Uppsögn skal skila á eyðublaði sem fæst hjá leikskólastjóra.

8. gr.

Veikt barn skal ekki koma í leikskólann. Tilkynna þarf veikindi barns og einnig, ef barn mun af öðrum orsökum ekki mæta í leikskólann. Ef barn er fjarverandi í minnst 4 viku samfelld vegna veikinda er heimilt að gefa allt að helming dvalargjaldsins eftir gegn framvísun læknisvottorðs.

9. gr.

Barni er aðeins heimilt að dvelja í leikskólanum þann tíma sem dvalarsamningur kveður á um. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða þetta sammingsákvæði.

10. gr.

Þeim, sem fylgja barni í leikskólann eða sækja, ber að láta viðkomandi starfsmann vita um komu sína og brottför. Látið ávallt vita, ef einhver annar en vanur er sækir barnið. Börn í leikskólanum skulu ekki sótt af yngri börnum en 12 ára.

11. gr.

Barn sem er að byrja í leikskólanum, skal fá aðlögunartíma með foreldri eða forráðamanni sínum til að fyrirbyggja, svo sem unnt er, röskun á öryggiskennd barnsins.

12. gr.

Morgunmatur hefst kl. 08:30. Foreldrar eða forráðamenn, sem eru með börn sín í morgunmat, þurfa að vera mætt með þau fyrir þann tíma.

13. gr.

Morgunmatur, hádegismatur og síðdegishresing er dregið af fæðisgjaldi þegar barn er samfelld 10 daga í burtu.

14. gr.

Um leið og bæjaryfirvöld fá upplýsingar um það, að viðkomandi foreldri er komið í sambúð, fellur niður afsláttur á gjaldi sem á við um einstætt foreldri.

15. gr.

Að jafnaði skulu vera 4 starfsdagar á ári og skulu þeir vera auglýstir með mánaðar fyrirvara.